

# FRÉTTABRÉF

## Lífeyrissjóðs verkfræðinga

www.lifsverk.is

3. tbl. 2010 – Október

### Ný stjórn Lífeyrissjóðs verkfræðinga

Á aukaaðalfundi sjóðsins sem haldinn var 27. september sl. voru kjörnir fjórir nýir aðalmenn í stjórn og þrír varamenn. Elísabet Árnadóttir og Þráinn Valur Hreggviðsson voru kjörin í aðalstjórn til ársins 2012 og Þrándur Ólafsson og Agni Ásgeirsson voru kjörnir til ársins 2011. Í varastjórn voru kjörin Jón Lárus Stefánsson til 2013, Ásdís Kristinsdóttir til 2012 og Halldór Árnason til 2011. Bjarki A. Brynjarsson heldur áfram í stjórn en hann var kjörinn á aðalfundinum í vor til ársins 2013. Á fyrsta fundi stjórnar strax eftir aukaaðalfundinn var Bjarki kjörinn formaður stjórnar og Þráinn Valur varaformaður.

Agnir Ásgeirsson er 41 árs, M.Sc. í aðgerðargreiningu og iðnaðarverkfræði frá Cornell University og starfar sem sérfræðingur í rafgreiningu hjá ÍSAL. Bjarki A. Brynjarsson er 44 ára, Cand.Scient. frá HÍ og dr. ing. frá NTNU í rafmagnsverkfræði. Hann hefur starfað við stjórnun og

ráðgjöf, háskólastarf og á fjármálamarkaði og starfar fyrir dótturfélag Glitnis. Elísabet Árnadóttir er 31 árs, B.Sc í umhverfis- og byggingaverkfræði frá HÍ og MA í stjórnun og Diploma í fjármálum frá LM Business School og starfar sem verkefnastjóri í framleiðsludeild Össurar. Þrándur Ólafsson er 32 ára, M.Sc. í vélaverkfræði frá HÍ og tölfræði frá Georgia Tech University og starfar á sölu- og markaðssviði OR. Valur Hreggviðsson er 48 ára, rafmagnsverkfræðingur og MBA og vinnur hjá Verkís. Ásdís Kristinsdóttir er 31 árs, M.Sc. í vélaverkfræði frá University of Canterbury og starfar á verkfræðideild OR. Halldór Árnason er 40 ára, doktor í byggingaverkfræði frá University of Washington og starfar hjá Verkís. Jón Lárus Stefánsson er 45 ára, rafmagnsverkfræðingur frá HÍ og starfar sem hugbúnaðar-sérfræðingur hjá Samskip.

### Iðgjaldyfirlit

Þessu fréttabréfi fylgir yfirlit yfir iðgjöld til samtryggingar- og séreignardeildar sem borist hafa á árinu 2010. Ekki er óeðlilegt að nýjustu mánuði vanti í yfirlitið vegna skráningar og innheimtu skilagreina. Á yfirlitunum er veflykill sem veitir sjóðfélögum aðgang að sjóðfélagavef á heimasíðu sjóðsins og þar er hægt að skoða hreyfingar og réttindi í samtryggingar- og séreignardeildar.

Ef villur eru í yfirlitum eða iðgjöld vantar eru sjóðfélagar beðnir að láta skrifstofu sjóðsins vita án tafar, annars er hætta á að

réttindi tapist, sbr. lög um Ábyrgðasjóð launa. Skila má athugasemdum með tölvupósti á [lifsverk@lifsverk.is](mailto:lifsverk@lifsverk.is) eða í síma 575 1000.


### 5% lækkun réttinda 1. 01. 2011

Á aukaaðalfundi sjóðsins 27. september sl. var samþykkt tillaga stjórnar um lækkun lífeyrisréttinda um 5% sem tekur gildi 1. janúar 2011. Tillagan var samþykkt með miklum meirihluta atkvæða. Lífeyrisgreiðslur lækka því um 5% frá 1. janúar 2011.

## Tryggingafræðileg staða

Á aukaáðalfundinum var farið ítarlega yfir tryggingafræðilega stöðu sjóðsins og áætlun stjórnar um að ná stöðunni í jafnvægi í árslok 2013.

Tryggingastærðfræðingur sjóðsins reiknaði tryggingafræðilega stöðu m.v. 31. júlí 2010 og var niðurstaðan -10,9%. Ef raunávöxtun verður 1,5% frá 1. ágúst til áramóta og tekið er mið af 5% skerðingu réttinda frá 1. janúar 2011 verður tryggingafræðileg staða -8,4% í byrjun næsta árs. Lífeyrissjóður verkfræðinga tekur þátt í kaupum á íbúabréfum af Seðlabanka Íslands svokölluðum Avens bréfum fyrir um 1.5 ma. króna. Bréfin verða keypt á kröfunni 7,2%. Þessi aðgerð mun bæta tryggingafræðilega stöðu sjóðsins um 0,9% í gegnum endurmat eigna. Fimm ára áætlun sjóðsins er sýnd á meðfylgjandi mynd.



Fimm ára áætlun stjórnar er sýnd sem bein rauð lína frá árinu 2008 til 2013. Í árslok 2008 var tryggingafræðileg staða neikvæð um 16,8% og þarf að aukast um 3,4% að meðaltali á ári á tímabilinu. Á myndinni sést hvernig staðan hefur breyst frá árslokum 2008 þegar réttindi hafa verið skert í sjóðnum. Við skerðingu réttinda færast bláa línan beint upp. T.d. voru réttindi skert um 10% árið 2009 og réttindatöflur lækkaðar um 5% þá hækkaði tryggingafræðileg staða úr -16,8% í -10,1% en vegna neikvæðrar raunávöxtunar á árinu 2009 og aukins lífaldurs þá endaði árið í -14,8% í árslok 2009. Á árinu 2010 voru réttindi aftur skert um 10% sem færði stöðuna í -9,8% m.v. árslokastöðu 2009. Staðan er -10,9% í lok júlí 2010 og mun fara í -8,4% í byrjun næsta árs m.v. 5% skerðingu 1. janúar 2011.

Ljóst er að ávöxtun sjóðsins þarf að vera mjög há til að vinna upp stöðuna til ársloka 2013 ef ekki koma til aðrir þættir svo sem breytingar á ávöxtunarkröfu, skerðing réttinda eða endurmat eigna. Rétt er að taka fram að áætlunin miðar að því taka sem mest tillit til aðstæðna yngri jafnt sem eldri sjóðfélaga.

## Fyrirkomulag stjórnarkjörs

Nokkurrar óánægju hefur gætt meðal sjóðfélaga um fyrirkomulag stjórnarkjörs á aðalfundum sjóðsins. Menn hafa gagnrýnt að ekki sé hægt að bjóða sig fram í tíma fyrir fundi og að þeir sem eru í framboði geti ekki kynnt sig á heimasíðu sjóðsins. Þessi hugmynd hefur verið rædd í stjórn sjóðsins og mun hún skoða hvort rétt sé að breyta fyrirkomulegi stjórnarkjörs í framtíðinni.

## Fréttir af verðbréfakaupum sjóðsins

Lífeyrissjóður verkfræðinga hefur verið mikið í fréttum undanfarið m.a. vegna kaupa á skuldabréfi útgefnu af UBS bankanum í Sviss. Nokkrir íslenskir lífeyrissjóðir tóku þátt í þessari fjárfestingu. Einnig hefur sjóðurinn verið gagnrýndur af Þorbergi Steini Leifssyni í skýrslu sem hann sendi í tölvupósti á milli manna vikuna fyrir aukaáðalfundinn sem haldinn var í september sl. Fram kom í máli formanns á aukaáðalfundinum að stjórnin mun fara vel yfir fjárfestingar og aðdraganda þeirra á síðastliðnum árum og meta hvort rétt sé að fá ytri aðila til liðs við stjórnina í þeirri vinnu. Auk þess er unnið með nefnd landssamtaka lífeyrissjóða sem fer yfir fjárfestingar lífeyrissjóðanna. Niðurstöður verða birtar sjóðfélögum þegar þær liggja fyrir.

## Ráðning framkvæmdastjóra

Staða framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs verkfræðinga hefur verið auglýst laus til umsóknar og var umsóknarfrestur til 20. október 2010. Væntingar standa til að nýr framkvæmdastjóri komi til starfa fyrir áramót.